

Birtist á Pressan.is, 10. maí 2011.

Er veiðigjald landsbyggðarskattur?

Jón Steinsson

Ein rök sem oft heyrast gegn því að útgerðarmenn greiði fyrir afnot af auðlindum sjávar er að slíkt gjald sé í raun landsbyggðarskattur. Þessi staðhæfing er í besta falli einstaklega villandi.

Í dag fá eigendur útgerðarfyrirtækja einkaafnotarétt af auðlindum sjávar nánast án endurgjalds. Allur auðlindaarðurinn í sjávarútvegi rennur því til eigenda útgerðarfyrirtækja. Um þessar mundir er auðlindaarðurinn líklega í kringum 45 ma.kr. á ári. Stærstur hluti þessa fjár fer í lúxuslíf og gæluverkefni útgerðarmanna, svo sem kampavín og kavíar í útlöndum, þýrlur og bílaumboð og það að dekkja taprekstur Morgunblaðsins. En vitaskuld eru einstaka brauðmolar sem detta fyrir fæturnar á venjulegu fólki á landsbyggðinni. Útgerðarmenn styrkja til dæmis íþróttafélög víða á landsbyggðinni.

Veiðigjald er gjald sem leggst á eigendur útgerðarfyrirtækja -- ekki venjulegt fólk á landsbyggðinni. Þvert á móti. Það liggur beint við að hluti af tekjunum sem ríkið fengi af veiðigjaldi yrði varið til þess að bæta opinbera þjónustu á landsbyggðinni. Það er hægt að byggja ansi marga vegi, leikskóla og heilsugæslustöðvar og borga laun ansi margra kennara, hjúkrunarfræðinga og lækna á landsbyggðinni fyrir til dæmis 10 ma.kr. á ári. Það þyrfti því ekki stór hluti veiðigjaldsins að renna til landbyggðarinnar til þess að vega upp brauðmolana sem útgerðarmenn dreifa til almúgans.

Eftirfarandi breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu myndu bæta hag alls þorra fólks á landsbyggðinni:

1. Allan fisk á markað.
2. Veiðigjald sem miðast við 50% af vergri hlutdeild fjármagns (e. EBITDA) greinarinnar í heild að frágreiðslu 8% árgreiðslu.
3. 50% af tekjum ríkissjóðs af veiðigjaldinu í uppbyggingu á landsbyggðinni.

Ef það er rétt sem fjölmiðlar segja um þessar mundir að Jón Bjarnason og Steingrímur J. Sigfússon standi gegn upptöku verulegs veiðigjalds, þá eru þeir ekki aðeins að svíkja kjósendur sína og fara á svig við skýra stefnu flokks síns heldur ennig að hygglu fámennum forréttindahópi á kostnað venjulegs fólks á landsbyggðinni.